



Lífeyrissjóður Rangæinga

Fjárfestingarstefna 2025

Efnisyfirlit

Fjárfestingarumhverfi.....	4
Forsendur fjárfestingarstefnu	6
Tryggingafræðileg athugun	8
Mat á áhættu fjárfestingarstefnu	11
Fjárfestingarstefna.....	12
Önnur atriði	14
Undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra	18
Fylgiskjal	19

Fjárfestingarumhverfi

Hagkerfið

Viðspyrna íslenska hagkerfisins eftir efnahagsáföll síðustu ára hefur verið öflug, en vegferðinni er ekki alveg lokið þó mikið hafi áunnist. Efnahagssumsvif hafa dregist saman undanfarið og verðbólga hefur lækkað verulega á árinu. Samhliða ríkir þó mikil spennan á vinnumarkaði og atvinnuleysi mælist nú 5,2%, sem er hærra en það hefur verið síðustu tvö ár.

Ferðaþjónusta er ein helsta stoð íslensks útflutnings og hefur mikil áhrif á íslenskt efnahagslíf. Greiningaraðilar gera ráð fyrir að fjöldi ferðamanna sem heimsækir landið nái nýjum hágildum árið 2025. Þá hefur mikill innflutningur á vinnuafli átt sér stað, og útlit er fyrir að sú þróun haldi áfram næstu árin. Einkaneysla hefur verið mjög sterk síðan heimsfaraldurinn hófst en vísbendingar eru nú um að hægja sé á vexti hennar þrátt fyrir fjölgun á vinnumarkaði sem styður við einkaneyslu. Margir kraftar toga í ólíkar áttir um þessar mundir. Hagvaxtarhorfur næstu ára eru engu að síður góðar og sér í lagi í samanburði við helstu viðskiptalönd Íslands.

Barátta við hækkandi verðlag er ein af helstu áskorunum Seðlabanka um allan heim og Seðlabanki Íslands er þar engin undantekning. Verðbólga hefur lengi verið yfir viðmiðunarmörkum og þrálátari en spár gerðu ráð fyrir. Hækkun íbúðaverðs hefur verið helsti drifkraftur verðbólgu hér á landi síðustu misseri og síðasta árið hafa áhrif húsnæðisþáttarins á vísitölu neysliverðs aukist á ný.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur lagt sig fram við að ná niður verðbólgu og hækkaði stýrivexti 14 sinnum í röð frá maí 2021 til október 2023. Fyrstu níu mánuði ársins 2024 héldust stýrivextir óbreyttir í 9,25% þangað til þeir voru lækkaðir um 0,25% í byrjun október og 0,5% í nóvember núverandi. Með þeirri aðgerð lauk 29 mánaða samfelldu hækkunarferli, sem fylgt var fylgt eftir með 12 mánaða óbreyttu vaxtastigi.

Vísitala neysliverðs hefur lækkað úr 9,9% í 5,1% á árinu, og án húsnæðis mælist hún nú 2,8%, en þó er nokkuð í að verðbólgu markmiði Seðlabankans verði náð. Þessi lækkun verðbólgu er vísbending um að frekari vaxtalækkunir séu fram undan og væntingar eru til þess að vaxtalækkunarferli sé nú hafið.

Hlutabréfamarkaður

Á þessu ári hefur verið nokkur marktækur munur á ávöxtun innlendra og erlendra hlutabréfamarkaða. Heimsvísitala hlutabréfa hefur hækkað (MSCI) um 16,2% á fyrstu tíu mánuðum ársins, reiknað í íslenskum krónum, en til samanburðar hefur Úrvals vísitala Kauphallar Íslands (OMX15) hækkað um 9,2% á sama tímabili.

Snemma á árinu hófu flestir Seðlabankar heimsins vaxtalækkunarferli, en Seðlabanki Íslands var þar eftirbátur þar sem fyrsta vaxtalækkun átti sér stað í október sl. Með auknum væntingum um vaxtalækkunir eykst eftirspurn eftir áhættusamari fjárfestingum og það á sannarlega við á þessum tíma. Vaxtastigið hefur haft áhrif á flæðið í eignaflokkum á Íslandi þar sem fjárfestar hafa verið á hliðarlínunni í svona háu vaxtastigi.

Erlendir hlutabréfamarkaðir hafa skilað ágætri ávöxtun frá áramótum, þrátt fyrir að efnahagsleg óvissa sé til staðar eins og stríð og forsetakosningar. Þó líkt og í fyrra, hefur

ávöxtun verið drifin áfram af fáum tæknifyrirtækjum (e. The Magnificent Seven: Apple, Alphabet, Tesla, Nvidia, Microsoft, Meta og Amazon) og væntingar um vöxt, þróun og notkun á gervigreind hefur vissulega verið drifkraftur en þá hefur eftirspurn eftir ákveðnum vörum og þjónustu einnig haldist sterk sem hefur stutt við hlutabréfaverð alþjóðlegra fyrirtækja.

Kosningar í Bandaríkjunum hafa jafnframt vakið athygli fjárfesta á hlutabréfamörkuðum. Kosningar hafa sögulega einkennst af aukinni óvissu og sveiflum á hlutabréfamörkuðum, þar sem óvissa ríkir um stjórnartauma og efnahagsmál. Þar að auki hefur óvissa vegna stríðsátaka reynst viðvarandi sem getur m.a. valdið þrýsting til hækkunar á orkuverð, afurðaverð og verðbólgu almennt. Núverandi fékkst niðurstaða í forsetakosningum Bandaríkjanna og markaðir brugðust við kjöri nýs forseta með kraftmiklum hækkunum hlutabréfa og styrkingu á bandaríska dollaranum.

Skuldabréfamarkaður

Eftir að vextir höfðu haldist óbreyttir í rúmt ár hófst vaxtalækkunarferli Seðlabanka Íslands nú í haust. Helstu rök Peningastefnunefndar fyrir lækkuninni voru að taumhaldið hefði aukist og því væri hægt að taka varfærið skref til lækkunar. Vextir standa nú í 8,5% eftir að hafa lækkað um 25pkt í byrjun október og um 50pkt núverandi í nóvember.

Á fyrstu 10 mánuðum ársins hefur óverðtryggði vaxtaferillinn lítið breyst en lengri endinn hefur lækkað lítillega. Styttri endi óverðtryggðra ríkisbréfa hefur lækkað um 3pkt (RIKB 25 0612 úr 8,82% í 8,85%) á meðan lengsti endinn hefur lækkað um 17pkt (RIKB 42 0217 úr 6,65% í 6,48%). Hvað verðtryggða vaxtaferillinn varðar hefur stysta bréfið lækkað töluvert en önnur bréf lítið breyst. Styttri endi verðtryggðra ríkisbréfa hefur lækkað um 110pkt (RIKS 26 0216 úr 3,57% í 4,67%) á meðan lengsti endinn hefur lækkað um 2pkt (RIKS 37 0115 úr 2,53% í 2,51%). Ástæða þess að stysti verðtryggði ferillinn lækkaði svona verulega á árinu var óvissa vegna fyrirhugaðs afnáms á oliugjaldi og upptöku kílómetragjalds, þ.e. óvissa um hvernig Hagstofa Íslands hygðist haga þessum breytingum inn í reikning á vísitölu neysluverðs. Nýlega kom tilkynning frá Hagstofu Íslands um að kílómetragjaldið verði tekið inn í vísitöluna og þar með var óvissuástandinu eytt enávöxtunarkrafan lækkaði skarplega í kjölfar þess. Vaxtaferlar ríkisskuldabréfa á markaði eru niðurrhallandi og endurspeglar þannig væntingar um að vextir muni koma til með að lækka.

Sé horft til óverðtryggðra og verðtryggðra vaxtaferla má sjá að verðbólguvæntingar til meðallangs tíma (2027) eru um 3,29%, til lengri tíma (2031) um 3,69% og til langstíma (2042) um 3,70%. Raunvextir liggja á bilinu 4,26% – 2,51% sé horft til sama tímaramma.

Verðbólguþáttur Seðlabankans er 2,5% en verðbólguálag á markaði er nú um 3,45% – 3,67% eftir tímalengd (stutt-langt). Þessi þróun endurspeglar það að markaðurinn býst við því að verðbólga muni haldast yfir markmiði Seðlabankans til lengri tíma lítið.

Forsendur fjárfestingarstefnu

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að stjórn skuli móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og ávaxta fé sjóðsins í samræmi við eftirtaldir reglur og innan þeirra marka sem löggin setja.

1. Lífeyrissjóður skal hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.
2. Lífeyrissjóður skal horfa til aldursamsetningar sjóðfélaga og annarra tryggingafræðilegra þátta sem hafa áhrif á skuldbindingar.
3. Allar fjárfestingar skulu byggðar á viðeigandi greiningu á upplýsingum um öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga.
4. Lífeyrissjóður skal gæta þess að eignir sjóðsins séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakraigna og eignaflokka.
5. Lífeyrissjóður skal setja sér siðferðileg viðmið í fjárfestingum.

Fjárfestingarstefnan er sett til lengri tíma en endurskoðuð að minnsta kosti árlega. Lífeyrissjóðir skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert. Fjárfestingarstefnan er birt á heimasíðu sjóðsins.

Eignir Lífeyrissjóðs Rangæinga skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 8. gr. samþykktu sjóðsins og samkvæmt nánari reglugerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Lífeyrissjóður Rangæinga rekur einvörðungu samtryggingardeild, en séreignardeild var sameinuð Lífeyrisauka, séreignardeild í rekstri Arion banka hf. um áramótin 2005–2006.

Um fjöllum um réttindakerfi

Lífeyrissjóður Rangæinga var stofnaður 12. janúar 1971 og voru stofnaðilar samtök vinnuveitenda í Rangárvallasýslu, iðnaðar- og verkamannadeild Verkalýðsfélags Rangæinga og Bílstjóraráfélög Rangæinga. Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2023 var 12.593 en meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 1.316. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2023 var um 20,4 milljarðar króna.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, mökum þeirra og börnum lífeyri. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og á grundvelli samkomulags stéttarfélaganna og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir lágmarksréttindi sem þar greinir. Aðildarfélag nú eru Verkalýðsfélag Suðurlands, Félag iðn- og tæknigreina og Samtök atvinnulífsins.

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir eru ævilangur ellilífeyrir frá 67 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi því er veitt hefur honum aðild að sjóðnum og örorka er metin að minnsta kosti 50%, makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Réttindaöflun ræðst af því iðgjaldi sem greitt er til sjóðsins og gildandi réttindaöflum. Réttindaöflun segir til um lífeyrisrétt sem greidd iðgjöld veita. Réttindaöflun lækkar með hækkandi aldri sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt. Sjóðfélagar sem uppfylla tiltekin skilyrði geta þó aflað réttinda með jafnri réttindaöflun (óháð aldri) fyrir hluta iðgjalda sinna. Réttindaöflun miðast þá við meðaltal réttindaöfla fyrir aldursárin 25–64.

Heimildin miðast við 10% iðgjaldsstofn ársins 2003, verðbættan með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, en iðgjald umfram þetta fer til aldursháðrar réttindaöflunar. Lífeyrisréttindi breytast með sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs til verðtryggingar.

Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum fær sjóðfélagi við örorku eða eftirlifandi maki við fráfall sjóðfélaga réttindi sem miðast auk áunninna réttinda við þau réttindi sem félagi hefði áunnið sér með greiðslu til sjóðsins til 65 ára aldurs. Réttindi sem áunnin voru með fyrra réttindakerfi (stigakerfi) haldast í sjóðnum og eru verðbætt með breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Ofangreind samantekt um ákvæði samþykka sjóðsins er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í samþykktum.

Siðferðileg viðmið og hluthafastefna

Lífeyrissjóður Rangæinga leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að þær ákvarðanir hafa áhrif á ólíka hagaðila og samfélagið í heild sinni. Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem er að finna í viðauka með fjárfestingarstefnu þessari. Stefnan markar stefnu sjóðsins um siðferðileg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóðum ber að setja sér samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Einnig hefur sjóðurinn sett sér hluthafastefnu sem markar stefnu sjóðsins í stjórnarháttum þar sem hann er hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Stefnur þessar eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Tryggingafræðileg athugun


Tryggingafræðileg athugun á stöðu Lífeyrissjóðs Rangæinga í árslok 2023 og var gerð í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 129/1997, ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2002.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris, sem leiða af samþykktum sjóðsins. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 eru skuldbindingar lífeyrissjóða aðeins reiknaðar miðað við þá sem aðild eiga að lífeyrissjóðnum þegar athugun fer fram. Skuldbindingar eru metnar á tvo vegu. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir.

Forsendur um lífslíkur eru breyttar frá tryggingafræðilegri athugun sjóðsins árið 2020. Fjármálaráðuneyti auglýsti í lok árs 2021 að lífeyrissjóðum bæri að taka mið af reiknilíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um lækkun aldursbundinnar dánartíðni þegar horft er til framtíðar. Líkanið var sett fram árið 2020 og er byggt á þeim breytingum sem urðu á aldursbundinni dánartíðni árin 1999 – 2018. Giftingarlíkur, meðalaldur maka og fjöldi barna eru samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá, samkvæmt staðalforsendum fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða. Varðandi örorkulíkur er miðað við reynslu íslenskra lífeyrissjóða á árunum 2011-2016, fyrir karla er notað 98% af meðaltali sjóðanna og fyrir konur 107%.

Tryggingafræðileg athugun sýnir að í árslok 2023 var heildarstaða sjóðsins neikvæð um 2.012 milljónir króna eða -4,5% af heildarskuldbindingum. Áfallin staða var neikvæð um 1.845 milljónir króna eða -8,2% af áfallinni skuldbindingu. Framtíðarstaða var neikvæð um 167 milljónir króna eða -0,7% af framtíðarskuldbindingu. Í tryggingafræðilegu uppgjöri er miðað við að skuldbindingar vaxi 3,5% umfram vísitölu neysluverðs.

Á mynd 1 má sjá þróun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins síðastliðin fimm ár.




Mynd 1. Þróun tryggingafræðilegrar stöðu síðastliðin fimm ár.

Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja takmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eigna og skuldbindinga. Hámark milli eigna og skuldbindinga er 10% á stöku ári og 5% fyrir stöðu samfellt í fimm ár. Sjóðurinn uppfyllir þessi almennu ákvæði þar sem munur eigna og skuldbindinga var undir 5% af skuldbindingum í lok árs 2023 en þó utan vikmarka árin þar á undan. Tryggingafræðileg staða setur því ekki frekari skorður við mótun fjárfestingarstefnu umfram ákvæði VII. kafla laganna.

Áætlað framtíðargreiðsluflæði


Á mynd 2 má sjá áætlað framtíðargreiðsluflæði sjóðsins út frá heildarstöðu miðað við sjóðfélaga í árslok 2023. Mynd 3 sýnir áætlað nettó framtíðargreiðsluflæði. Myndirnar sýna um leið niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á myndrænu formi þar sem útreikningur miðast við sömu forsendur og við tryggingafræðilega athugun sjóðsins.



Mynd 2. Áætlað framtíðargreiðsluflæði, m.kr. (sundurliða) – án nýliðunar, m.v. tryggingafræðilegt uppgjör 31.12.2023

Áætlaðar útgreiðslur (lífeyrisgreiðslur og kostnaður) verða hærri en áætluð iðgjöld árið 2038 og þá mun, miðað við forsendur tryggingafræðilegrar athugunar, sjóðurinn byrja að ganga á eignir sínar. Ekki er gert ráð fyrir nýliðun í tryggingafræðilegri athugun en gera má ráð fyrir að nýliðun verði hjá sjóðnum á komandi árum og því muni verða lengra þar til sjóðurinn þarf að byrja ganga á eignir sínar til að standa undir áætluðum lífeyrisgreiðslum.

Framtíðargreiðsluflæði gefur ekki tilefni til þess að takmarka mögulega samsetningu fjárfestingarstefnu umfram ákvæði VII. kafla laga nr. 129/1997.




Mynd 3. Áætlað nettó framtíðargreiðsluflæði, m.kr. – án nýliðunar, m.v. tryggingafræðilegt uppgjör 31.12.2023

Áhrif lífeyrisbyrðar

Mynd 4 sýnir áætlaða þróun lífeyrisbyrðar. Með lífeyrisbyrði er átt við hlutfall lífeyrisgreiðslna og iðgjalda. Lífeyrisbyrði sjóðsins í lok árs 2023 er 38,4%. Þegar ekki er

tekið tillit til nýliðunar er búist við að lífeyrisbyrði fari vaxandi samhliða hækkandi meðalaldri sjóðfélaga og fleiri lífeyrisþegum. Árið 2039 verður lífeyrisbyrðin komin yfir 100%, samkvæmt tryggingafræðilegri athugun. Kostnaður og vaxtagreiðslur eru ekki reiknaðar með í hlutfallinu.



Mynd 4. Áætlað þróun lífeyrisbyrðar – án nýliðunar, m.v. tryggingafræðilegt uppgjör 31.12.2023


Um 15 ár eru þangað til áætlað er að lífeyrisbyrði verði komin yfir 100% miðað við forsendur í tryggingafræðilegu mati (árið 2039). Líklegt er að vegna nýrra sjóðfélaga muni líða lengri tími þar til lífeyrisgreiðslur verða hærri en iðgjöld og því gefur áætluð þróun á lífeyrisbyrði ekki tilefni til þess að takmarka mögulega samsetningu fjárfestingarstefnu umfram ákvæði VII. kafla laga nr. 129/1997.

Núverandi eignasamsetning

Eignasamsetning sjóðsins er í meginatriðum samsvarandi og markmið um eignasamsetningu samkvæmt fjárfestingarstefnu og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997 (sjá nánar fylgiskjal).

Aldurssamsetning sjóðsins

Í lok árs 2023 voru sjóðfélagar 12.593 talsins, þar af greiddu að meðaltali 1.316 iðgjöld og teljast því virkir sjóðfélagar. Á tímabilinu fengu að meðaltali 899 sjóðfélagar greiddan lífeyri. Meðalaldur virkra sjóðfélaga er tæp 34 ár en meðalaldur óvirkra er rúm 46 ár. Gert er ráð fyrir því að sjóðfélagar fari á eftirlaun 67 ára gamlir. Þess vegna er ljóst að fjárfestingartími sjóðsins er nokkuð langur og aldursamsetning sjóðfélaga setur ekki frekari skorður á fjárfestingarstefnu sjóðsins umfram ákvæði VII. kafla laga nr. 129/1997. Mynd 5 sýnir aldursdreifingu virkra sjóðfélaga á myndrænu formi.



Mynd 5. Aldursdreifing virkra sjóðfélaga.

Mat á áhættu fjárfestingarstefnu

Viðhorf stjórnar til áhættu

Stjórn sjóðsins gerir sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins og ber ábyrgð á að móta tryggt eftirlitskerfi með starfseminni. Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skulu stuðla að góðum stjórnarháttum og leggja áherslu á mikilvægi áhættustýringar og innra eftirlits.

Stjórnin vill tryggja að unnt verði að standa við lífeyrisskuldbindingar sjóðsins að því leyti að líkur á að breyta þurfi réttindum eða iðgjöldum til lágmarkstryggingarverndar séu lágmarkaðar. Tryggingafræðileg staða er því ráðandi þáttur hvað varðar áhættuþol sjóðsins. Fjárfestingarstefna sjóðsins endurspeglar þetta viðhorf stjórnar.

Stjórn sjóðsins hefur sett áhættustefnu þar sem kemur fram vilji stjórnar til áhættutöku lífeyrissjóðsins og áhættustýringarstefnu þar sem kemur fram hvernig lífeyrissjóðurinn ætlar sér að stýra áhættuþáttum í daglegum rekstri.

Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Fjárfestingarstefnunni er ætlað að tryggja að eignir sjóðsins séu nægjanlega fjölbreyttar þannig að dregið sér úr líkunum á því að áhætta safnist upp við að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda, fyrirtækjasamsteypu, atvinnugrein eða eignaflokk. Sjá nánar í kafla 5. Jafnframt er horft til áhættu af hverri og einni eign og áhrif hennar á heildaráhættu safnsins, auk samspils áhættu einstakra eigna og eignaflokka við fjárfestingaáakvarðanir.

Langtímamarkmið stjórnar lífeyrissjóðsins er að ná hærri raunávöxtun en fæst með því að fjárfesta eingöngu í ríkisskuldabréfum og að flökt (mælt með staðalfráviki) í ávöxtun sé í samræmi við flökt einstakra eignaflokka sjóðsins á hverjum tíma samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Vænt nafnávöxtun og vænt flökt er byggt á mati út frá grunnforsendum og markaðsaðstæðum ásamt framtíðarhorfum hvers eignaflokks fyrir sig. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir vænta ávöxtun og flökt eignaflokkanna sem mynda forsendur fyrir væntri ávöxtun eignasafns. Vænt raunávöxtun eignasafns miðað við framangreindar forsendur og fjárfestingarstefnu 2025 er 6,1% og flöktið 7,3%.

EIGNAFLOKKUR	VÆNT ÁVÖXTUN	FLÖKT	STEFNA 2025
Innlend skuldabréf	8,1%	7,8%	52%
Erlend skuldabréf	4,2%	8,4%	4%
Erlend hlutabréf	12,8%	19,8%	24%
Innlend hlutabréf	11,8%	29,7%	8%
Sérhæfðar innlendar fjárfestingar	12,1%	39,6%	4%
Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	12,8%	32,0%	8%
<i>Vænt nafnávöxtun</i>	<i>9,9%</i>		
<i>Vænt verðbólga</i>	<i>3,8%</i>		
Vænt raunávöxtun og flökt eignasafns	6,1%	7,3%	100%

Tafla 1. Forsendur fyrir væntri ávöxtun.

Fjárfestingarstefna

Stefna um eignasamsetningu

Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting verðbréfaeigna Lífeyrissjóðs Rangæinga í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 2 hér á eftir. Um nánari skiptingu hlutabréfa og annarra verðbréfa má sjá í töflum 3 og 4. Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Skylt er að gera Fjármálaeftirlitinu viðvart ef breytingar á íslensku krónunni eða verðhækkningar á erlendum eignamörkuðum leiða til þess að gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóðsins fer fram úr leyfilegum mörkum. Óheimilt er að auka við gjaldmiðlaáhattuna þar til leyfilegum mörkum er náð. Eignasamsetning er innan vikmarka allra eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997.

Nánari sundurliðun fjárfestingarstefnunnar er að finna í fylgiskjali með fjárfestingarstefnu þessari.

	Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
A	A. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	21%	10-60%
	B. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1%	0-10%
B	A. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	6%	0-15%
	B. Innlán	1%	0-25%
	C. Sértryggð skuldabréf	7%	0-30%
C	A. Skuldarbréf og vixlar lánastofnana og vatr. félaga, undanskilið vikjandi skuldabréf	2%	0-10%
	B. Hlutdeildarskirteini og hlutir í UCITS	26%	0-40%
D	A. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, vikjandi skuldabréf lánast. og vatr.félaga	13%	0-30%
	B. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	3%	0-15%
E	A. Hlutabréf félaga	4%	0-30%
	B. Hlutdeildarskirteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	16%	0-30%
	C. Fasteignir	0%	0-1%
F	A. Afleiður	0%	0-10%
	B. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals	100%	

Tafla 2. Flokkar verðbréfa.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Innlend skuldabréf og innlán	52%	10-100%
Innlend hlutabréf	8%	0-25%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	4%	0-15%
Erlend skuldabréf og innlán	4%	0-30%
Erlend hlutabréf	24%	0-40%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	8%	0-15%

Tafla 3. Nánari takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Vikjandi skuldabréf lánaðstofnana og váttryggingafélaga	3%	0-6%
Erlendar eignir	36%	0-53%

Tafla 4. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Fjárfestingarákvarðanir

Ákvarðanir um fjárfestingar skulu rúmast innan þeirra magnbundnu marka sem stjórn sjóðsins hefur sett í fjárfestingarstefnu. Jafnframt skulu fjárfestingarákvarðanir byggja á skynsemisreglunni (e. prudent person principle).

Við fjárfestingarákvarðanir byggir eignastýringaraðili á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga að teknu tilliti til áhættu. Sú greining er mismunandi eftir eðli og umfangi fjárfestinga. Sú greining getur falið í sér almennt mat á efnahagsumhverfi, útgefanda, verðlagningu og framtíðarhorfum. Þar að auki getur eignastýring eftir atvikum talið viðeigandi að horfa til neðan greindra viðmiða við fjárfestingarákvarðanir í eftirfarandi eignaflokkum:

- Í tilviki skuldabréfa getur matið m.a. að auki tekið til fjárhagslegs styrks útgefanda, veðs, vaxtarófs, líftíma, vaxtaálags, flæði og verðbólguhorfa.
- Í tilviki hlutabréfa getur matið m.a. að auki falið í sér verðmat, sérstakra skoðana, fjárhagsstöðu, flæði og/eða áreiðanleikakannana.
- Í tilviki sjóðastýringafyrirtækja og sérhæfðra/óskráðra fjárfestinga getur matið m.a. að auki falið í sér ítarlega áreiðanleikakönnun, heimsókn á starfsstöð stýringaaðila og/eða fundir með lykilfólki.

Teljast fyrirhuguð fjárfesting mikils háttar eða óvenjuleg þá starfar eignastýringaraðili eftir vinnuferli sem skiptist í fjögur stig eftir því hvort fjárfesting sé í skoðun, í vinnslu, til ákvörðunar eða lokið. Stjórn sjóðsins er upplýst um þróun fjárfestinga á mismunandi stigum. Til viðbótar við ofan talin viðmið nær mat eignastýringar á mikils háttar og óvenjulegum fjárfestingum að lágmarki til: kostnaðar- og tekjupátta, hagsmunaaðila og mögulegra hagsmunaaðila, orðsporsáhættu, stjórnarháttar, orðspors, ferils, fjárhagslegs styrks og hæfni þeirra er standa að verkefninu. Mikils háttar og óvenjuleg viðskipti eru jafnframt háð samþykki stjórnar í samræmi við næsta kafla *Önnur atriði*.

Ítarleg viðeigandi greiningarvinna fer fram byggt á ofangreindum þáttum við nýskoðun/vöktun fjárfestingar (kaup/sölu).

Eignir eru vaktar daglega af stýringaraðilum og eru eignastöður í sífelldu endurmati með tilliti til breytinga á mati eignastýringaraðila. Eignir með virkt markaðsverð eru í daglegri rauntímavöktun eignastýringaraðila í gegnum ýmis upplýsingakerfi (t.d. Bloomberg og Kodiak Pro). Eignir sem eru ekki með virkt markaðsverð, svo sem sérhæfðir sjóðir, eru í reglulegri vöktun eignastýringaraðila sem byggir m.a. upplýsingagjöf útgefanda og/eða upplýsingafundum með útgefanda. Sjálfvirk eftirlitskerfi vakta áhættustöður og frávik í samræmi við stefnur. Í áhættustefnu eru áhættuþol og áhættuvilji skilgreind og í áhættustýringarstefnu er framkvæmd áhættustefnu skilgreind.

Önnur atriði

Markmið um lausafé og seljanleika

Greint er á milli þriggja flokka seljanleika: 1) eignir með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti og sjóðir með innlausnarskyldu, 2) aðrar skráðar eignir og 3) óskráðar eignir og sjóðir án innlausnarskyldu. Um 53,3% af eignasafni sjóðsins tilheyra seljanleikaflokki 1, um 32,4% seljanleikaflokki 2 og um 14,4% seljanleikaflokki 3. Markmið sjóðsins um seljanleika tekur mið af lífeyrisbyrði hans. Miðað við enga nýliðun gerir tryggingafræðileg athugun ráð fyrir því að sjóðurinn fari að ganga á eignir sínar árið 2039. Markmið sjóðsins er að hlutfall eigna í seljanleikaflokki 1 sé að jafnaði 60% en að lágmarki 30%. Leitast skal við að ávaxta lausafé á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til fjárþarfar hverju sinni. Stefna um hlutfall innlána í fjárfestingarstefnu er 1%.

Viðmiðunarvísitala

Gert er ráð fyrir að viðmiðunarvísitala sjóðsins sé samsett úr þeim vísitölum sem koma fram í töflu 5, þar sem vægi hvorrar vísitölu miðast við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Viðmið tekur gildi í árslok 2024 og verður endurskoðað samhliða næstu endurskoðun á fjárfestingarstefnu.

Í töflu 6 er að finna líftíma (e. duration) og verðtryggingarhlutfall viðmiðunarvísitölnnar, þ.e. fyrir innlend skuldabréf.

Viðmiðunarvísitala	Hlutfall
RIKB 27 0415	0,8%
RIKB 28 1115	1,5%
RIKB 31 0124	1,8%
RIKB 35 0917	2,0%
RIKB 42 0217	1,7%
RIKS 30 0701	13,8%
RIKS 33 0321	19,9%
RIKS 37 0115	10,5%
EUR Interbank Offered Rate Index 3M	4,8%
USD Libor Market Index TR 3M	4,8%
Bloomberg Global Aggregate Index	2,4%
Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World Index)	24,0%
OMX Iceland 15 Cap (OMX15CAP)	8,0%
REIBOR + álag	4,0%
Samtals:	100,0%

Tafla 5. Viðmiðunarvísitala.

Líftími – innlend skuldabréf	7,5 ár
Verðtrygging – innlend skuldabréf	85,0%

Tafla 6. Líftími og verðtryggingarhlutfall viðmiðunarvísitölu (innlend skuldabréf).

Afleiður

Einungis er heimilt að gera afleiðusamninga til að draga úr áhættu sjóðsins eða sem fela í sér kauprétt eða áskriftarréttindi, í samræmi við lög. Með afleiðusamningum er átt við framvirka samninga, framtíðarsamninga, vaxtaskiptasamninga, valréttarsamninga og skiptasamninga, þ.e. uppgjörsákvæði byggjast á breytingu einhvers þáttar, s.s. vaxta, gengis, gjaldmiðla, verðbréfaferðs eða verðbréfavísitölu.

Hámarksfjárfesting í fjármálagerningum og innlánnum útgefnum af sama aðila

Heimilt er að binda allt að 10% heildareigna í fjármálagerningum sama útgefanda sem falla undir eignaflokk B-F sbr. lög nr. 129/1997, 36.gr.a. Þar af er óheimilt að binda meira en 5% af heildareignum í fjármálagerningum útgefanda sem falla undir eignaflokk F. Þó er heimilt að binda til viðbótar allt að 10% heildareigna í sértryggðum skuldabréfum sama útgefanda samkvæmt eignaflokki B.C.

Fjármálagerningar og innlán sama viðskiptabanka eða sparisjóðs skal vera innan 25% af heildareignum. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu eða tilheyra hópi tengdra viðskiptavina, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja og í hlutum og hlutdeildarskírteinum

Hámarkshlutdeild í hlutabréfum einstakra fyrirtækja miðast við 20% af hlutafé í hverju fyrirtæki.

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði, eða deild slíks sjóðs miðast við 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama sjóði. Hámarks-hlutdeild í hlutum eða hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild þeirra miðast við 20% af hlutum og hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama sjóði.

Þó er sjóðnum heimilt að eiga yfir 20% í félagi þar sem meginstarfsemi er langtímaleiga íbúðarhúsnæðis til einstaklinga eða í hlutum eða hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem fjárfesta eingöngu í hlutabréfum og skuldabréfum útgefnum af slíkum félögum. Hlutur lífeyrissjóðs má þó ekki vera stærri en 50% í slíku félagi eða sjóði um sameiginlega fjárfestingu.

Hámarkshlutdeild í sjóðum innan sama rekstrarfélags

Hámarksfjárfesting í sjóðum innan sama rekstrarfélags skal miðast við 30% af heildareignum.

Skráning á skipulegum markaði

Fjármálagerningar samkvæmt tegundaflokkum B-F sbr. lög nr. 129/1997, 36.gr.a. skulu skráðir á skipulegum markaði innan aðildarríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahags-svæðisins, sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, eða markaði utan ríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, enda hafi Fjármálaeftirlitið viðurkennt hann.

- Innlausnarskylda: Þó er heimilt að fjárfesta í hlutum og hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu ef kveðið er á um heimild til innlausnar þeirra að kröfu lífeyrissjóðsins á hverjum tíma.
- Óskráðir fjármálagerningar: Þá er sjóðnum heimilt að binda allt að 20% heildareigna í fjármálagerningum sem ekki eru skráðir á skipulegum markaði.
- Markaðstorg fjármálagerninga: Að því viðbættu er heimilt að binda allt að 5% heildareigna í fjármálagerningum sem eru skráðir á markaðstorg fjármála-gerninga (MTF) í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sem starfar reglulega, er opið almenningi og viðurkennt á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
- Langtímaleiga íbúðarhúsnæðis: Þá er jafnframt heimilt að binda allt að 5% heildareigna í hlutabréfum og skuldabréfum, sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, útgefnum af félögum þar sem meginstarfsemin er langtímaleiga

íbúðarhúsnæðis til einstaklinga. Þar undir falla jafnframt hlutir eða hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem fjárfesta eingöngu í hlutabréfum og skuldabréfum útgefnum af slíkum félögum, og skuldabréf sem sjóðir um sameiginlega fjárfestingu gefa út til að fjármagna slík félög.

- Fjármálagerningar sem ekki eru skráðir á skipulegum markaði skulu gefnir út af aðilum innan aðildarríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Fasteignaveðtryggð skuldabréf

Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa er um 0,5% af heildareignum sjóðsins. Fasteignaveðtryggð skuldabréf geta verið lán til sjóðfélaga eða önnur veðtryggð bréf.

Hlutfall fjárfestingar í fyrirtækjum sem sinna eingöngu þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn

Hlutfall fjárfestingar í fyrirtækjum, sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn, er 0% af hreinni eign.

Hlutfall eigna í virkri stýringu

Allar eignir lífeyrissjóðsins eru í virkri stýringu nema illseljanlegar eignir. Stefnt er að því að nota áfram virka stýringu á meginhluta eigna lífeyrissjóðsins.

Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafns

Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafns tekur aðallega mið af markmiðum um eign í erlendum verðbréfum. Gjaldmiðlaáhætta sjóðsins felst fyrst og fremst í erlendri verðbréfaeign sjóðsins. Skipting milli gjaldmiðla tekur mið af markaðsaðstæðum hverju sinni.

Að lágmarki skal 47,0% eigna vera í íslenskum krónum, sbr. lög nr. 219/1997, 36.gr. d, 1 og 2. mgr., en jafnframt skal horft til þess að lágmarki sé 75% erlendra eigna í bandaríkjadal og evru. Lífeyrissjóður skal eiga eignir í sama gjaldmiðli og skuldbindingar sem jafngilda væntum lífeyrisgreiðslum sameignarhluta hans til næstu þriggja ára. Miðað við væntar lífeyrisgreiðslur samkvæmt tryggingafræðilegu mati er hlutfallið nú 6%.

Markmið um atvinnugreinaskiptingu

Markmið um atvinnugreinaskiptingu innlends hlutabréfasafns er miðað við samsetningu OMXI15 CAP. Markmið um atvinnugreinaskiptingu erlends hlutabréfasafns er miðað við samsetningu heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI World Index) á hverjum tíma. Þó er sjóðnum heimilt að víkja frá markmiði til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Sjóðurinn mun leitast við að nýta tækifæri sem skapast á innlendum hlutabréfamarkaði næstu misserin vegna skráningar nýrra fyrirtækja á markað sem getur kallað á rúm frávik frá ofangreindu markmiði vegna smæðar markaðarins og fárra skráðra hlutabréfa á markaði. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Meginmarkmið við stýringu eigna sjóðsins er að gætt sé að gæðum einstakra eigna, bæði hlutabréfum og skuldabréfum, eins og kostur er. Einnig hefur sjóðurinn ýmis markmið varðandi áhættudreifingu í eignasafni, þar með talið að dreifa áhættu á milli atvinnugreina. Eignasafni sjóðsins er fjárfest í ólíkum atvinnugreinum og útgefendum innan hversrar atvinnugreinar, eftir því sem markaðsaðstæður leyfa. Miðað er við að hlutdeild einstakra atvinnugreina fari ekki yfir 20% af heildareignum sjóðsins á hverjum tíma. Undanskilið atvinnugreinaflokkun í þessu samhengi eru fjárfestingar þar sem útgefandi er opinber aðili og lán með undirliggjandi veði í íbúðarhúsnæði, enda gilda aðrar takmarkanir þar um í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfesting í fasteignum

Ekki er stefnt að beinum kaupum á fasteignum. Þó er sjóðnum heimilt að ganga að fasteignum við lúkningu skuldamála.

Fjárfestingar í verðbréfum á markaðstorgi fjármálagerninga

Heimilt er að fjárfesta í verðbréfum skráðum á markaðstorgi fjármálagerninga eins og um skráð bréf sé að ræða. Flokkun bréfanna skal þó vera samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda.

Mikils háttar og óvenjuleg viðskipti

Mikils háttar og óvenjuleg viðskipti eru þau viðskipti sem háð eru samþykki stjórnar og er gert grein fyrir slíkum tilvikum í umfjöllun hér að neðan.

- a. Kaup á óskráðum hlutabréfum
- b. Ekki þarf samþykki stjórnar fyrir:
 - i. Óbeinum fjárfestingum (gegnum sjóði).
 - ii. Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum
 - iii. Ef um er að ræða fjárfestingar vegna lúkningu skuldamála.
 - iv. Ef um er að ræða fjárfestingar (undanskilið sjóðir) undir 60 milljónum kr. að stærð.
2. Stjórn skal staðfesta fjárfestingar umfram 600 m.kr. (uppsafnað, milli mánaðarlegra stjórnarfundna), undanskilin fjárfesting í innlánnum, skuldabréfum með ríkisábyrgð, sértryggðum skuldabréfum fjármálafyrirtækja, erlendum peningamarkaðssjóðum (UCITS) og í sjóðum þar sem fjárfest er í skuldabréfum með ríkisábyrgð, sértryggðum skuldabréfum fjármálafyrirtækja og innlánnum.
3. Í þeim tilvikum sem rekstraraðili og/eða aðilar honum tengdir eru haghafar að fjárfestingunni og fjárfestingin fellur innan ramma mikils háttar og óvenjulegra viðskipta sbr. aðra liði þessarar greinar.:
 - a. Ef lögð er til fjárfesting þar sem hlutfall rekstraraðila og/eða aðilum honum tengdum fer yfir 50% skal stjórn meta þann möguleika hvort og á hvaða hátt skuli óskað eftir utanaðkomandi mati. Með því er horft til þess að tryggja trúverðugleika og að mat óháðra aðila skuli vegna meirihluta.
 - b. Við frum- og forútbod hlutabréfa rekstraraðila og aðilum honum tengdum á skipulegan verðbréfamarkað skal liggja fyrir verðmat þriðja aðila.
4. Áhættustjóra skal gert viðvart um öll mikils háttar eða óvenjuleg viðskipti áður en þau fara fram.
5. Stjórn skal samþykkja gerð afleiðusamninga (sbr. grein Afleiður) aðra en þá sem fylgja hefðbundnum gjaldeyrisviðskiptum, áskriftarréttindum og eðlilegum greiðslufresti vegna verðbréfavíðskipta.
6. Stjórn getur sett frekari reglur eða viðmið um fjárfestingar.

Undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað með fullgildri rafrænni undirritun, af hálfu þess/þeirra aðila sem heimild hafa til þess að skuldbinda lögaðila. Rafræn undirritun skjalsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Hellu, 28. nóvember 2024

Stjórn Lífeyrissjóðs Rangæinga

Guðmundur Svavarsson

Formaður stjórnar

Hilmar Harðarson

Margrét Jóna Ísólfsdóttir

Ólafía B. Ásbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga

Þróstur Sigurðsson

Fylgiskjal
 Fylgiskjal með fjárfestingarstefnu 2025
 Eignasamsetning m.v. 30.09.2024

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum 36. gr. laga nr. 129/1997

Markmið um samsetningu eigna

Lífeyrissjóður Rangæinga

	I	II	Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþykktum ***	III	IV	V	VI
<i>Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs*</i>	Stefna um eignasamsetningu	Vikmörk **			Gengisbundin verðbréf	Vikmörk	Óskráð verðbréf	Vikmörk
A a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	21%	10-60%	22,3%	100%	2,0%	0-20%	-	-
b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1%	0-10%	0,5%	100%	0,0%	0-10%	-	-
B a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	6%	0-15%	5,8%	100%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
b. Innlán	1%	0-25%	2,3%	100%	0,0%	0-15%	-	-
c. Sértryggð skuldabréf	7%	0-30%	5,6%	100%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
C a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátr. félaga, undanskilið vikjandi skuldabréf	2%	0-10%	1,9%	80%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	26%	0-40%	27,2%	80%	26%	0-40%	-	-
D a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og vikjandi skuldabréf lánast. og vátr.félaga	13%	0-30%	13,1%	60%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	3%	0-15%	4,0%	60%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
E a. Hlutabréf félaga	4%	0-30%	6,1%	60%	0,0%	0-20%	0%	0-10%
b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	16%	0-30%	11,2%	60%	8,0%	0-20%	12%	0-20%
c. Fasteignir	0%	0-1%	0,0%	60%	0,0%	0-1%	-	-
F a. Afleiður	0%	0-10%	0,0%	10%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%	0,0%	10%	0,0%	0-10%	0%	0-10%
Samtals	100%		100%		36%		12%	
Eignir í erlendum gjaldmiðli	36%	0-53%	33,1%	53%				

* eða annarra vörsluaðila.

** vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingar í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.

Markmið um eignir í erlendum gjaldmiðli er tilgreint í samtölu í dálki III, vikmörk eru tilgreind í dálki IV.

Hámark skv. samþykktum: eignasamsetning skal rúmast innan takmarkana fyrir lífeyrissjóði sem veita lágmarks tryggingarvernd samkvæmt lögum nr. 129/1997.

